

Tillaga faghóps um styrki fyrir myndríka miðlun / útgáfu um sögu Reykjavíkur

Styrkirnir um myndríka miðlun eru ætlaðir til niðurgreiðslu á kostnaði vegna kaupa á ljósmyndum frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur, afgreiðslugjöld og höfundarréttargjöld skv. gjaldskrá safnsins. Tilgangur styrkveitinganna er að hlúa að varðveislu menningararfleifðar Reykjavíkur og miðlunar hennar í fjölbreyttu formi.

Til úthlutunar á árinu eru alls 1.500.000 kr. Auglýst var eftir umsækjendum í apríl og var umsóknarfrestur 2. maí. Alls bárust sex umsóknir sem faghópur skipaður þremur fulltrúum menningar- og ferðamálsviðs tók til efnislegrar umfjöllunar og leggur það til sem hér segir:

Auður Ingvarsdóttir: *Formannavísur* - hér er um að ræða útgáfu á svokölluðum formannavísu sem varðveittar eru á handritadeild Landsbókasafns. Formannavísurnar sem hér eru kynntar til sögunnar eru 129 erindi og ortar um vetrarvertíð í Reykjavík 1890. Þarna er nefndir 91 formaður, hvaðan þeir reru og stundum hvar þeir bjuggu. Hér er um merkilega heimild um sögu Reykjavíkur því nefndir eru tíu útróðrarstaðir og hverjir reru þaðan. Forlagið Sæmundur hefur áhuga á að gefa á að gefa ritið út. Umsækjandi leitar líka mynda hjá Þjóðminjasafninu. Sótt er um styrk að upphæð kr 450.000.

Lagt er til að verkefnið hljóti 50.000 kr. styrk.

Björn Georg Björnsson: *Húsameistari í hálfra öld* - bók um Eina Erlendsson húsameistara sem starfaði í Reykjavík frá 1905-1950, fæddur 1883 dáiinn 1968. Útgefandi er Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík. Mikilsvert verkefni um afkastamikinn arkitekt sem setti svip sinn á borgina. Björn hefur áður gefið út rit um íslenska byggingarsögu. Ljósmyndir skipa mikilvægan sess í verkinu. Sótt er um styrk að upphæð kr. 98.718.

Lagt er til að verkefnið hljóti 98.718 kr. styrk.

Ólafur Jóhann Sigurðsson: *Þjóðarbókhláðan* – kvikmynd um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn en myndin er nemendaverkefni til MA prófs í Hagnýtri Menningarmiðlun við HÍ Myndin er 19 mín að lengd og í henni eru m.a. notaðar tvær ljósmyndir frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Landsbókavörður Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir hefur áhuga á að birta myndina á vef Bókhöðunnar lhb.is og reynt verður að koma myndinni á framfæri með öðrum hætti. Sótt er um styrk að upphæð kr. 25.000 kr.

Lagt er til að verkefnið hljóti 16.000 kr. styrk.

Pétur H. Ármannsson: *Halldór H. Jónsson arkitekt* – bók um arkitektinn sem jafnframt er liður í ritröð Hins íslenska bókmenntafélags um merka íslenska arkitekta. Pétur H. Ármannsson arkitekt ritar um

helstu verk Halldórs á sviði húsagerðarlistar og mikilvert framlag hans á því sviði en Halldór er í senn kunnur sem höfundur þjóðþekktra bygginga og mikilsmetinn áhrifamaður í íslensku athafnalífi. Bókin verður prýdd ríkulegu myndefni. Sótt er um styrk að upphæð kr. 445.703.

Lagt er til að verkefnið hljóti 445.703 kr. styrk.

Sögufélag: *Farsótt – Hundrað ár í Þingholtsstræti 25.* Bókin segir sögu hússins í Þingholtsstræti 25 í Reykjavík sem oft gengur undir nafninu Farsótt en húsið á sér langa og fjölbreytta sögu. Í bókinni er lögð áhersla á að setja húsið í samhengi við umhverfi sitt, bæði næsta nágrenni í Þingholtunum og Reykjavík sem heild. Höfundur bókarinnar er Kristín Svava Tómasdóttir, sagnfræðingur og ljóðskáld. Sótt er um styrk að upphæð kr. 690.000.

Lagt er til að verkefnið hljóti 250.000 kr. styrk.

Sögufélag: *Samfélag eftir máli – Bæjarskipulag á Íslandi á 20. öldinni og fræðin um skipulag byggðar.* Yfirgripsmikið sagnfræðirit með höfuðáherslu á þróun og skipulagningu Reykjavíkur. Birt verða fjölmargir uppdrættir, teikningar og ljósmyndir sem eru varðveitt hjá stofnunum Reykjavíkurborgar og hafa aldrei áður birst á prenti. Höfundur bókar er Haraldur Sigurðsson, sagnfræðingur og skipulagsfræðingur, en Haraldur hefur starfað í hringiðu íslenskra skipulagsmála undanfarið 30 ár. Sótt er um styrk að upphæð kr. 1.379.520.

Lagt er til að verkefnið hljóti 640.000 kr. styrk.